

MS ritgerð í stjórnun og stefnumótun
Nemandi: Margrét Lára Friðriksdóttir
Leiðbeinandi: Runólfur Smári Steinþórsson
Júní 2009

Útdráttur

Ritgerðin fjallar um ferli stefnumótunar og þær aðferðir sem hjálpa stjórnendum við stefnumótun. Fyrirtækið Össur hf. var tekið sem raundæmi í ritgerðinni og skiptist rannsóknarvinnan í meginþega rannsókn þar sem spurningakönnun var send til allra millistjórnenda Össurar, eigindlega rannsókn þar sem viðtöl voru tekin við fjármálastjóra og forstjóra félagsins og einnig greiningu fyrirliggjandi gagna.

Markmið verkefnisins var að varpa ljósi á mismunandi, hugtök, verkfæri og ferli stefnumótunar almennt, rannsaka hvernig millistjórnendur Össurar hf. upplifa stefnumótunarferlið hjá fyrirtækinu, kortleggja núverandi ferli og koma með tillögur að úrbótum. Leitartilgáta rannsóknarinnar var: Ef stjórnendur eru sáttir við sína aðkomu að stefnumótunarferli félagsins þá hafa þeir trú á stefnunni.

Stefnumótunarferli Össurar hf. var kortlagt eins og það var unnið á árinu 2008. Niðurstaða spurningakönnunarinnar var að leitartilgátan fékk ekki stuðning en millistjórnendur kalla á virkari þátt í stefnumótunarferli félagsins. Að lokum var gerð tillaga að endurbættu stefnumótunarferli Össurar hf. þar sem þátttaka millistjórnenda var aukin.